

Sp.

26. Tillaga til þingsályktunar

[26. mál]

um afnám fálkaorðunnar.

Flm.: Bjarni Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að öll ákvæði um hina íslenzku fálkaorðu og orðunefnd verði numin úr gildi. Þeir, sem hafa hlotið fálkaorðuna, haldi henni.

Greinargerð.

Skúli alþingismaður Guðmundsson flutti fyrir fimm árum nær samhljóða þingsályktun þeirri, er að ofan greinir. Ályktun Skúla fékk ekki almennan hljómgrunn á Alþingi þrátt fyrir greinargerð, sem hefði átt að sannfæra alþingismenn um ágæti ályktunarinnar og er þess virði að vera hér endurtekin:

„Hér er farið fram á það að fella niður orðuveitingar og spara útgjöldin, sem til þess fara.

Orðan barst frá okkar grönnum, eins og fleira þarflaust tildur. Þeir eru vanir þessu, t. a. m. Danir. Og sagt er, að Rússar sæmi ýmsa svona skrauti. Það er hengt á vildarvini valdhafanna, í heiðursskyni.

Þó að sumir þrái krossa, þá munu fleiri mæla, að enginn Íslendingur ætti að dýrka þannig glingur.“

Við greinargerð Skúla skal þessu bætt:

Hvergi birtist hégómaskapurinn jafnberlega með Íslendingum og í sambandi við riddarakross hinnar íslenzku fálkaorðu. Þar skemmta fyrirmenn þjóðfélagsins sér við að sæma hver annan riddarakrossi af ýmsum stigum og gráðum. Snobbið er sett í kerfi. Orðunefnd vinnur í gömlum kansellistil og tekur á móti vinsamlegum ábendingum góðkunningja og flokksbræðra. Veltur þá á miklu að eiga sterkan að. Að sjálfsögðu hafa margir verið maklega dubbaðir til riddara, en jafnvíst er og hitt, að margir þeirra, sem fálkann bera, eru lýsandi vitni um fánýtið. Og heilvita mönnum hlýtur að vera ljóst, að meðal þeirra, er aldrei hljóta heiðursmerki, eru menn, er eiga engu síður eða jafnvel miklu fremur skilið að hreppa viðurkenningu en þeir, sem hana hljóta. Kjarni málsins er sá, að enginn algildur mælikvarði er til um skerf einstaklinganna til samfélagsins. Hefur fengsæll fésýslumaður í Reykjavík skilað betra starfi til þjóðfélagsins en móðirin við Arnarfjörð, sem kom 18 börnum til manns við kröpp kjör og ævistrit? Er starfsmaður í utanríkisþjónustunni maklegri opinberrar viðurkenningar en verkamaðurinn? Svári hver fyrir sig. Eða skyldu það vera margir Dagsbrúnarmennirnir eða Iðjufólkið eða sjómennirnir eða húsmæðurnar, sem ástæða hefur þótt að heiðra með fálkaorðu? Í svona snobkerfi er minna metið lúið bak en hvítar hendur.

Erlendis er mikið um orður, en þá eru forsendurnar tvær: annaðhvort konungsríki eða her, nema hvort tveggja sé. Við erum, lofaður sé heilagur Þorlákur, lausir við slíkar stofnanir, en leifarnar af konungssambandi við Dani opinberast í orðuprjáli og dinglumdangli. Er ekki mál að linni?

Að lokum tilvitnun frá meistara Jóni:

„Eg veit, að einn asni verður þó aldrei hestur, þó menn setji gullsöðul á hann, og svo verður einn dári aldrei vís, hvernig sem hann málar sig utan.“